

Ég tel að það er mikið sóknarfæri hjá Visku og flestum BHM félögum. Viska getur verið stéttarfélag sem virkir félagsfólk sitt til að þekkja réttindin sín betur með t.a.m. stofnun trúnaðarráðs og virkjun trúnaðarmanna. Það er mikilvægt að aðilar sem sækja sér menntun eigi sterkt stéttarfélag á bak við sig. Viska getur verið það stéttarfélag.

Félagsfólk Visku kemur seinna út á vinnumarkað en margir aðrir eftir áralanga menntagöngu. Það þýðir oft að félagsfólki kemur þjakað námslánunum beint út á vinnumarkaðinn og festist þar af leiðandi á leigumarkaði. Þau festast þar vegna þess að þau eru oft á of háum launum til að eiga rétt á húsnæðisúrræðum í boði ríkisins, t.d. HMS lausnin. Önnur stéttarfélög, eins og Efling og VR, hafa unnið hörðum höndum að því að útvega félagsfólki sínu ódýrt húsnæði til að gera þeim auðveldara að safna sér fyrir íbúð. Viska gæti hugað að slíkri lausn fyrir sitt félagsfólk því að það er til staðar kerfisbundinn vandi að menntað fólk festist á leigumarkaði þar sem það eru lítil sem engin úrræði fyrir þessa aðila að komast af leigumarkaði.

Annar kerfisbundinn vandi sem félagsfólk Visku stendur fyrir eru námslánin. Fólk neyðist oft að taka námslán út frá fjárhagslegum aðstæðum en áttar sig ekki á því að það er að skuldbinda sig að borga lán sem oft lækkar ekki aldrei. Helstu úrræði gagnvart námslánunum sem fara fyrir Alþingi miða að nýjum námslánunum, sem er líka mjög þarft, en það þarf líka að huga á breytingu á þeim námslánunum sem fólk er því þegar með. Menntun á að þýða hærri laun og almennt öryggi en ekki endalaus skuldarsúpa út frá námslánunum og leigumarkaði. Viska getur unnið gegn þessum kerfisbundna vanda með því að valdefla félagsfólk sitt og verið sterkt afl á vinnumarkaði.

Til að gera Visku að sterkara afli fyrir félagsfólk sitt tel ég það vera mikilvægt að stofna trúnaðarráð. Í dag er fulltrúaráð innan félagsins en þar sitja einungis aðilar úr faghópum og starfandi kjaradeildum. Ég tel að betra væri að opna þetta ráð fyrir almennum félagsmönnum til að virkja félagsfólk til að taka þátt í störfum stéttarfélagsins. Samkvæmt lögum hittist fulltrúaráð einu sinni á ári en trúnaðarráð hittist mun oftár en það. Er það gert til að efla þátttöku félagsfólks í starfsemi stéttarfélagsins og veita þeim aðkomu að pólitísku landslagi stéttarfélagsins og vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að finna leiðir til að virkja félagsfólk og auka aðkomu þess að félaginu.

Ég býð mig fram til að gera Visku að sterkara afli, fyrir samfélagið og félagsfólk sitt.